

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

#### *Breyting á deiliskipulagi verksmiðjussvæðisins á Gleráreyrum.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 7. september 2010 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir verksmiðjussvæðið á Gleráreyrum. Skipulagssvæðið nær til Gleráreyra 1-10 og felst breytingin m.a. í færslu á gatnamótum við Borgarbraut, lóðastærðum og göngustígum.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

#### *Breyting á deiliskipulagi suðurhluta Oddeyrar.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 7. september 2010 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir suðurhluta Oddeyrar. Breytingin felst í nýjum lóðamörkum milli Gránufélagsgötu 23 og Norðurgötu 11 og 13.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 1. október 2010,*

**Anna Bragadóttir**, verkefnastjóri skipulagsmála.